

eins og hún er orðin eptir þær endurskoðanir á jarðamatinu, sem hvað eptir annað hafa fram farið, og eigi jarðamatid að geta náð nokkurri staðfestu, er það einmitt nauðsynlegt að girða nú fyrir nýjar endurskoðanir, og ekki leyfa þær fyr en sá tími er liðinn, sem til er tekinn í 4. grein, en það eru 20 ár frá þeim degi, er hin nýja jarðabók öðlast lagagildi. 1861.
1. aprilm.

16. Opið bréf um það, hvernig endurgjalda skuli kostnað þann, er risið hefir af jarðamatinu á Íslandi, og til bráðabyrgða hefir greiddur verið úr jarðabókar-sjóði Íslands. 1. aprilm.

Vér Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv., gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vorsa trúá alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs um það, hvernig endurgjalda skuli kostnað þann, er risið hefir af jarðamatinu á Íslandi, og til bráðabyrgða hefir greiddur verið úr jarðabókar-sjóði Íslands, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Kostnað þann, er risið hefir af jarðamatinu á Íslandi, og til bráðabyrgða hefir greiddur verið úr jarðabókar-sjóði Íslands, að upphæð 8,360 rdl. 82 sk., skal endurgjalda jarðabókar-sjóðnum á þann hátt, að honum sé jafnað niður á allar jarðir í landinu, þannig, að gjalda skal $9\frac{1}{4}$ skilinga af hverju jarðar-hundraði, sem til er fært í hinn nýju jarðabók.

2. gr.

Gjald þetta skal eigandi hvernjar jarðar skyldur að greiða, eða, ef hann ekki sjálfur býr á jörðinni, ábúandi hennar, en hann skal eiga rétt á að fá það endurgoldið hjá eiganda; skulu

1861. sýslumenn heimta helming þess árið 1863, en hinn helminginn
1. aprilm. árið 1864.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

Ástæður¹.

Samkvæmt konungsúrskurði 27. maím. 1859 var lagt fyrir alþingi 1859 frumvarp til opins bréfs um það, hvernig endurgjalda skuli kostnað þann, er risið hefir af jarðamatinu á Íslandi og til bráðabyrgða hefir greiddur verið úr jarðabókarsjóði Íslands, en í álitsskjali sínu um málefni þetta ræði þingið frá því, með 16 atkvæðum mót 8, að frumvarpið að svo komnu skyldi út koma sem lagaboð, og það af þeim ástæðum, að ofsnemmt sé að gjöra ákvörðun um, að hve miklu leyti beri að endurgjalda ríkissjóðnum jarðamatskostnaðinn, og um það, hvernig jafna skuli kostnaði þessum á landið, meðan eigi sé búið að staðfesta hina nýju jarðabók, og eigi verði fyrir séð, nema hún kunni verða lögð undir meiri eða minni endurskoðun, en af því muni vafalaust leiða nýjan kostnað.

En með því búið er að staðfesta hina nýju jarðabók, þá er horfin þessi ástæða til að fresta máli þessu, og þarf því eigi að rannsaka, hvort svo óslítandi samband, eins og alþingi hefir gjört ráð fyrir, sé milli löggildingar jarðabókarinnar og frumvarps þess, sem hér er um rætt, að ekki megi gjöra það að lögum fyrri en búið sé að löggilda jarðabókina.

Þess vegna þótti ekki vera nein ástæða til að fresta úrslitum máls þessa, og ber því nú að ákveða, hve mikið fè skuli endurgoldið og á hvern hátt því skuli jafnað á jarðir í landinu og hvernig það skuli heimt, samkvæmt reglunni í tilsk. 27. maím. 1848, 7. gr. Eins og getið er um í ástæðunum fyrir frumvarpi til lagabóds þessa², er kostnaður sá, er risið hefir af tilbúningi hinnar nýju jarðabókar, og til bráðabyrgða hefir

1) Smbr. alp.tið. 1859, 12., 13.—14., 1775.—1779., 1824.—1846., 1857.—1858., viðb. A 33.—34. bls.

2) Sjá alp.tið. 1859, viðb. A 33. og 34. bls.

1861.

1. aprilm.

greiddur verið úr jarðabókarsjóði Íslands, samtals 8,360 ríkisdalir 82 skild.; af fè þessu hefir gengið 5,720 rdl. 92 sk. til jarðavirðingar þeirrar, er fram fór á Íslandi árin 1849 og 1850, 2,489 rdl. 86 sk. til matsnefndar þeirrar, er sett var í Reykjavík samkvæmt konungsúrskurði 18. maím. 1855, og að síðustu 150 rdl. fyrir útreikning á dýrleika hvernar jarðar fyrir sig, sem gjörður hefir verið í hinni íslenzku stjórnardeild dómsmála-stjórnarinnar.

Í umræðunum um málið á alþingi og í álitsskjali þingsins er það nú reyndar tekið fram, að ástæða sé til að slengja ekki saman gjöldum þessum, bæði af því, að tilskipun 27. maí 1848 7. gr. naumast hafi getað haft tillit til annars kostnaðar en þess, sem fyrst er talinn, sem stendur beint í sambandi við jarðamatið sjálft, og svo vegna þess, að hin síðarnefndu gjöldin eru annars eðlis, þarsem nefndin í Reykjavík hafi verið konungleg nefnd, og útreikningur jarðabókarinnar verið gjörður í skrifstofum stjórnarinnar, og er af þessum ástæðum farið fram á, að einungis þau gjöldin, sem fyrst eru nefnd, eður 5,720 rdl. 92 sk., skuli lenda á Íslandi, og verða jafnað niður á jarðir í landinu eptir hinu nýja jarðamati, en hinn kostnaðinn, eður 2,639 rdl. 86 skild., virtist þinginu eiga að greiða úr ríkissjóði og telja með skrifstofukostnaði.

En ekki virðist eiga að láta það, er alþingi þannig hefir tilfært, neinu ráða. Í 7. gr. í tilskipun 27. maím. 1848 er það ákveðið með berum orðum, að allur sá kostnaður, er risi af ráðstöfun þessari, skuli endurgoldinn, og er engin heimild til að álíta, að það hafi verið tilgangur tilskipunarinnar, að þessi regla skyldi að eins eiga við um þann kostnað, er reis af jarðamatinu árin 1849 og 1850; miklu fremur er það ljóst, þegar 7. grein er borin saman við 5. grein, að einnig átti að endurgjalda ríkissjóðnum allan þann kostnað, er reis af þeim störfum, er miðuðu til að fullgjöra jarðamatið, eptir að hinni eiginlegu virðing var lokið; þau störf eru þar að auki gjörð eptir uppástungum alþingis, og er það ákveðið í konungsúrskurðum 18. maím. 1855, 27. maím. 1857 og 27. maím. 1859, að kostnaður sá, er af þessu risi, skyldi endurgoldinn ríkissjóðnum á sama hátt og annar

1861. kostnaður við jarðamatið. Við þetta bætist enn fremur, hvað
 1. aprilm. sérstaklega snertir jarðamatsnefndina í Reykjavík, að hún ekki
 var konungleg nefnd, því konungur hafði eigi skipað hana,
 heldur hafði konungsfulltrúi nefnt í hana einn mann, en alþingi
 tvo, og að alþingi þá, er það í þegnlegu álitsskjali sínu 10. ágústm.
 1853 bað um, að nefndin yrði skipuð, með 15 atkvæðum mót
 2 stakk upp á, að allur sá kostnaður, er leiddi af ráðstöfun
 þessari, og er með berum orðum þar með talið hæfileg þóknun
 handa nefndarmönnum og kostnaður við ritföng m. m., yrði
 fyrirfram¹ greiddur úr jarðabókarsjóðnum, en í þessu liggur
 augljóslega sú þýðing, að kostnaðurinn skyldi síðar endurgoldinn,
 þetta virðist einnig hafa verið álit alþingis 1857, því þá var
 þinginu kunngjörður konungsúrskurður 27. maí 1857, en í honum
 var meðal annars ákveðið, að þóknun til nefndarmannanna m. m.
 skyldi endurgoldin ríkissjóðnum; en eigi að síður komu engin
 mótmæli fram móti þessu frá þingsins hálfu, heldur stakk al-
 þingi jafnvel upp á því, að hver nefndarmanna fengi 100 ríkis-
 dölum meira, en ákveðið var í konungsúrskurðinum.

Það hefir því ekki þótt vera ástæða til að gjöra greinarmun
 á gjöldum þessum, sem til bráðabyrgða hafa greidd verið úr
 ríkissjóðnum til hins nýja jarðamats, heldur hefir virzt eiga að
 endurgjalda allt það fè, er til þess hefir gengið, en það eru
 8,360 ríkisdalir 82 sk. Þegar jafna skal þessu fè á allar jarðir
 í landinu þannig, að af hverju jarðarhundraði í hinni nýju jarða-
 bók sé goldið að tiltölu rættri, þá telst svo til, að næst því fer
 að jafna skuli 9¼ sk. á hvert hundrað. Að vísu er öll hundraða-
 talan í hinni nýju jarðabók 86755,1 hndr., og fæst því með

1) Í hinum danska texta álitsskjalsins stendur „forskuðsviis“, og
 er það einnig ljóst af álitsskjalinu sjálfu, að sú hefir átt að
 vera þýðingin í orðinu fyrirfram í niðurlagsatriðinu, að kostn-
 aðinn skyldi til bráðabyrgða eða fyrst um sinn greiða úr
 jarðabókarsjóðnum, en ekki sú þýðing, sem næst liggur í þessu
 orði, að kostnaður sá, er leiddi af starfa þessum, skyldi greiddur
 úr jarðabókarsjóðnum áður en starfinn færi fram (fyrirfram),
 án þess þar með væri sagt, hvort hann ætti að endurgjaldast
 sjóðnum eður ekki.

niðurjöfnun þessari að eins 8359 rdl. 20 sk., eður 1 rdl. 62 sk. 1861.
 of lítið; en líklegt er, að þessi skakki muni jafnast, þegar skild- 1. aprílm.
 ingabrot eru gjörð að heilum skildingum, þá er reikna skal
 gjaldið af hverri jörð fyrir sig; svo yrði og skakkinn meiri, eður
 73 rdl. 63 sk. ofmikið, ef jafnað væri 9½ sk. á hvert jarðar-
 hundrað, og á hinn bóginn yrði það of erfitt, ef jafna skyldi
 gjaldinu á jarðarhundraðin þannig, að hafa við brot er væri milli
 ¼ og ⅓.

Eptir því, sem nú hefir sagt verið, og samkvæmt þeirri á-
 kvörðun í tilskipuninni um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir
 Ísland, að hún skuli fá gildi 6. júnímánaðar 1862, verður að
 bæta við, því sem með þarf, í 1. og 2. grein frumvarps þess,
 sem hér er um rætt, og þykir þar að auki ástæða til að gjöra
 orðabreyting í niðurlagi 2. greinar, til þess efni hennar verði
 ljósara.

17. Bréf dómsmálastjórnarinnar til innanríkisstjórnar- 4. aprílm. innar um launaviðbót embættismanna á Íslandi, m. m.

Í bréfi 23. f. m. hefir innanríkisstjórnin lýst því yfir um
 reikning þann, er henni var hëðan sendur um launaviðbót em-
 bættismanna og sýslunarmanna á Íslandi og Færeyjum fyrir
 fjárhagsárið 186½ eptir lögum 19. febrúarm. þ. á., að ekkert
 hafi þótt athugavert um það, hvernig launaviðbót embættismanna
 á Færeyjum hafi verið reiknuð, en þar á móti þyki innanríkis-
 stjórninni vafasamt, hvort lög þessi verði heimfærð til embættis-
 manna og sýslunarmanna á Íslandi, er fá laun sín úr ríkis-
 sjóðnum.

Í þessu efni skal þess getið, að eins og hin fyrri lög um
 launaviðbót ætíð hafa verið heimfærð til embættismanna á Ís-
 landi, þannig hefir og dómsmálastjórnin gjört ráð fyrir því, að
 einnig ætti að heimfæra til embættismanna þessara hinar al-
 mennu ákvarðanir í lögunum 19. febrúarm. um greiðslu em-
 bættislauna, með því öldungis sömu ástæður eru til þess, og